Borgarráð

Reykjavík, 31. ágúst 2026
MSS26080095

**Starfs- og fjárhagsáætlun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2027 og Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2027-2030**

Lögð er fram til kynningar starfsáætlun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2027. Jafnframt er Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2027-2030 lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins. Um er að ræða sameiginlega stefnuyfirlýsingu sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu. Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins er gerð að frumkvæði stjórnvalda, er er unnin af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins í nánu samstarfi við sveitarfélög, aðildarfélaga, íbúa og aðra hagaðila. Við gerð hennar er horft til þess að tengja hana við aðrar svæðisbundnar áætlanir sem og áætlanir sem gilda á landsvísu. Starfs- og fjárhagsáætlun tekur tillit til áfangastaðaætlunar.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Starfs- og fjárhagsáætlun 2027 – Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins, ódags.
Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2027-2030, dags. maí 2026.

Reykjavík



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK

# Starfs- og fjárhagsáætlun 2027

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

# Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.
Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur með sjálfbærni að leiðarljósi.




VISIT REYKJAVÍK

Við vinnum undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Helstu áherslur eru að:

- **Efla vitund og þekkingu** um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- **Þróa, móta og efla samstarf** og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- **Efla samkeppnishæfni og slagkraft** áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- **Stuðla að sátt** íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- **Styrkja stoðir og uppbyggingu** ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðaþróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera **málsvari og samnefnari** fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

- Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

# Yfir 200 samstarfs- og aðildarfélagar

## SVEITARFÉLÖG

Reykjavík
Garðabær
Hafnarfjörður
Kópavogur
Mosfellsbær
Seltjarnarnes

## FYRIRTÆKI OG STOFNANIR / AÐILDARFÉLAGAR

Action Adventures
Adrenalín
ALDIN Biodome
Apotek Kitchen + Bar
Arctic Adventures
Aurora Reykjavík
Árnastofnun / Heimur í orðum
BagBee
Basecamp Iceland
Bjórgarðurinn
Blik Bistro
Blue Car Rental
Bobby Cars
Borgarsögusafn - Aðalstræti
Borgarsögusafn - Árbæjarsafn
Borgarsögusafn - Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Borgarsögusafn - Sjóminjasafnið
Borgarsögusafn - Viðey
Brasserie Kársnes
Bryggjuhúsið
Byggðasafn Hafnarfjarðar
Camper Rental Iceland
Campervan Iceland
Campervan Reykjavík
Cars Iceland
Casa Dísa
Center Hotels (9)
CityHub Reykjavík
CityWalk Reykjavik
Cool Travel Iceland
Destination Complete
EC Iceland - Electric Cycling Tours
Eimverk Distillery
Elding Hvalaskoðun
Elliðaárstöð
Erlendur Agency
Exploring Iceland
Faxaflóahafnir
Fischersund
Fiskmarkaðurinn
Fjallafélagið - Fálkaklettur
Fjallkonan
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
Fjörukráin / Hótel Víking
Flame Restaurant
Flybus
FlyOver Iceland
Frá Ís til Safarí
Fröken ehf. / Grapevine
Fröken Reykjavík
Geiri Smart
Gerðarsafn
Gerum betur
GJ Travel
Gljúfrasteinn
Grand Brasserie
Grandi Restaurant & Bar
Gravel Travel
Grái kötturinn
Grillmarkaðurinn
Hafnarborg
Hafnarfjarðarhöfn
Haust Restaurant
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús
Hafnartorg
Heimar
HeliAir Iceland
Hertz á Íslandi
Hið íslenzka reðasafn
Hjá Jóni
Hop on Hop off
Hopp
Hótel Cabin / Hótel Klettur (2)
Hreyfill
Hvammsvík
Hygge
Höfuðstöðin
Hönnunarsafn Íslands
Icebike Adventures
Icelandair
Iceland at Night
Iceland Camping Equipment
Iceland Cover
Iceland Hotel Collection
by Berjaya (7)
Icelandia
Isavia
Ísafold Lounge & Bar
Íshestar
Íslandshótel (7)
Íslenski hesturinn – The Icelandic Horse
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Jarðhitasýningin
Jómfrúin
Jörgensen kitchen & bar
Kaffibrennslan
Keahótels (6)
Key to Iceland
Konsúlat Wine Room
Kringlan
Krónikan
Lagoon Car Rental
Lava Show
Listasafn Íslands
Listasafn Íslands - Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands - Safnahúsið
Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús
Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Listasalur Mosfellsbæjar
Luggage Lockers
Lóa restaurant
Magic Ice
Matur og drykkur
MD Reykjavík / What´s On
Menningarhús og bókasöfn
á höfuðborgarsvæðinu (6)
Motorhome Iceland
Náttúrusafn Kópavogs
Norðurflug
OTO restaurant
Perlan
Pink Iceland
Potturinn og Pannan
Prime Tours
Radisson BLU 1919 Hotel
Radisson RED
Ráðagerði
Re Argentina
Reykjavík Bistro
Reykjavik Cars
Reykjavik Jetskis
Reykjavík Rent a Car
Safari hjól
Saga VR
Salurinn
Samtök um söguferðaþjónustu
Satt restaurant
Scandinavian Travel Services
Sky Lagoon
SKÝ Lounge & Bar
Slippbarinn
Smáralind
Sól Restaurant
Special Tours
Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu (18)
Sushi Social
Strætó
Sæta svínið
Sögusafnið
Tapas Barinn
The World of Icelandic Music
Tipsý - Bar & Lounge
Travel Connect
Travelling Iceland
Trawire
Tres Locos
Turf House
Viking Portrait - Mink Viking Experience
Volcano Express
Volcano Trails
Vox Brasserie & Bar
Whales of Iceland
Whale Safari
Your Friend In Reykjavik
Your Transfer
Þjóðminjasafn Íslands
Ölvisholt Brewery
Zero Car Rental
360evolvex

## SAMSTARFSAÐILAR

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Markaðsstofur landshlutanna

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ferðamálastofa

Íslandsstofa

Samtök ferðaþjónustunnar

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Íslenski ferðaklasinn

ofl.

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

# Framtíðarsýn áfangastaðarins

## Einn fjölbreyttur áfangastaður

Allt svæðið myndar eina heild og býður upp á iðandi menningarlíf, fjölbreytta afþreyingu og einstakar náttúruperlur.

## Staður til að staldra við

Áfangastaður þar sem erlendir og innlendir ferðamenn vilja staldra við, njóta og upplifa lengur.

## Sjálfbærni

Leiðandi í sjálfbærri ferðaþjónustu með áherslu á að auka jákvæð áhrif á samfélag, efnahag, umhverfi og upplifun gesta.

## Aukin lífsgæði

Ferðaþjónustan skapar aukin lífsgæði fyrir samfélagið sem bæði íbúar og ferðamenn fá að njóta.

## Gestrisni

Gestrisni er í forgrunni og ferðamenn upplifa sig velkomna, óháð uppruna, kyni eða skoðunum og fara heim með góðar sögur að segja.

# Gildi

## Nærgætni

Við göngum vel um náttúruna og samfélagið og sýnum umburðarlyndi.

## Útsjónarsemi

Við leysum þau vandamál sem upp kunna að koma á góðan hátt.

## Stolt

Við erum stolt af áfangastaðnum og viljum að gestum okkar líði vel.

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

## Leiðarljós

Höfuðborgarsvæðið er vinalegur og nærandi áfangastaður með öflugu menningarlífi og einstakri náttúru Íslands sem skapar jarðtengingu og vellíðan.

## Stoðir

### Náttúran

Náttúran er órjúfanlegur hluti af höfuðborgarsvæðinu.

### Vellíðan

Vatnið og hitinn móta menningu staðarins og skapa kyrrð, jarðtengingu og djúpa vellíðan.

### Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálslynt og fjölskylduvænt og einkennist af umburðarlyndi, jafnrétti og öryggi.

### Menningarlífið

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öflugu menningarlífi með fjölbreyttri verslun, matarmenningu, söfnum, sýningum og viðburðum.

Sjálfbærni er megináherslan í öllum stoðunum
**SUMAR, VETUR, VOR & HAUST**

## Persónuleiki og tónn

### Frásagnargleði

Við viljum að segja sögur – sannar sögur úr hversdagsleikanum.

### Öll velkomin

Gestrisni er okkur í blóð borin. Við komum jafnt fram við alla okkar gesti.

### Opin og vinaleg

Við erum afslöppuð, auðmjúk og tökum okkur ekki of alvarlega.

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Markmið og mælikvarðar

## Einn fjölbreyttur áfangastaður

**Mælikvarði: Dreifing ferðamanna**

**Markmið - 2030:**
Hlutfall ferðamanna sem segist heimsækja hvert sveitarfélag verði minnst 10% yfir árið.

**Staðan 2024 og 2025:**
Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellsbær:
Færri en 10% sumar 2024 og vetur 2025.
Kópavogur:
Um 12% sumar 2024 og um 20% vetur 2025.
Seltjarnarnes:
Um 8% sumar 2024 og um 15% vetur 2025.

Maskina, 2024 & Maskína, 2025

## Staður til að staldra við

**Mælikvarði: Gistinætur**

**Markmið - 2030:**
Meðaltal gistinátta erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu verði 3,2 eða hærra.

**Staðan 2025:**
Meðaltal gistinátta var 2,7.

Ferðamálastofa, 2026

## Sjálfbærni

**Mælikvarði: GDS vísitalan**

**Markmið - 2030:**
Reykjavík verði áfram á topp 10 lista GDS vísitölunnar.

**Staðan 2025:**
10. sæti

## Aukin lífsgæði

**Mælikvarði: Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu**

**Markmið 1 - 2030:**
Hlutfall íbúa með jákvætt viðhorf til ferðamanna verði 75% eða hærra.

**Staðan 2025:**
71% íbúa með jákvætt viðhorf.

**Markmið 2 - 2030:**
Hlutfall íbúa sem telja ferðaþjónusta hafa stuðlað að betri lífsgæðum verði 50% eða hærra.

**Staðan 2025:**
Hlutfallið mældist 38,7%.

Maskína, 2025

## Gestrisni

**Mælikvarði: Ánægja ferðamanna**

**Markmið 1:**
Hlutfall ferðamanna sem segist vera ánægt með heimsókn til Reykjavíkur verði áfram yfir 90%.

**Staðan 2025:** 94% ánægðir, bæði sumar 2024 og vetur 2025.

**Markmið 2 - 2030:**
NPS skorið mælist 60.

**Staðan 2025:**
NPS mældist 41,9 yfir sumarið 2024 og vetur 2025.

Maskina, 2024 & Maskína, 2025

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Drög fjárhagsáætlun 2027

- Gert er ráð fyrir lítilli breytingu á áætlun á milli ára en verkefnafé lækkar milli ára
- Aðildargjöld áætluð miðað við aðild núna og mögulega vísitölubreytingu 4%
- Laun og skrifstofukostnaður 6% hækkun – vísitala og almennar hækkanir
- Við lækkum innlent tengslastarf töluvert og gerum ráð fyrir að muni frekar kosta inn á valda viðburði.
- Sértekjur er ekki vitað um fyrr en í lok árs eða byrjun 2027 (eru 14,3 mkr. 2026)

| | | |
|---|---|---|
| **Fjárhagsáætlun -2027** | | |
| | | |
| **Tekjur - framlög** | | |
| Sveitarfélög | | 110.000.000 |
| Ferðamálastofa & Íslandssstofa | | 29.000.000 |
| Aðildarfélög - áætlað* | | 27.000.000 |
| Sértekjur | - | |
| Reykjavík City Card | | 8.850.000 |
| Frá fyrra ári | | 20.000.000 |
| | | |
| Samtals tekjur | | **194.850.000** |
| | | |
| **Kostnaður** | | |
| Launa- og skrifstofukostnaður | | 104.000.000 |
| Innlent tengslastarf | | 1.500.000 |
| Markaðsmál & almannatengsl | | 40.000.000 |
| Erlent tengslastarf | | 5.500.000 |
| Þróun & fræðsla | | 15.000.000 |
| Reykjavík City Card | | 8.850.000 |
| Sérverkefni | - | |
| Ófyrirséður kostnaður | | 20.000.000 |
| Samtals kostnaður | | **194.850.000** |
| | | |
| **Reykjavík City Card** | | |
| Tekjur | | 73.758.217 |
| Hlutdeildargjöld | | 64.907.231 |
| Tekjur 12% | | 8.850.986 |

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS
VISIT **REYKJAVÍK**

Val okkar á verkefnum á að byggja undir **markmið um þróun** á áfangastaðnum og ná fram **framtíðarsýnina** svo hún verði að veruleika






MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK









# Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2027-2030



# Verkefnin 2027

- **Innlent tengslastarf**
- Markaðsmál & almannatengsl
- Erlent tengslastarf & viðburðir
- Þróunarverkefni
- Reykjavík City Card
- Sérverkefni

Einn fjölbreyttur áfangastaður
Staður til að staldra við
Aukin lífsgæði
Gestrisni
Sjálfbærni

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# HITTUMST

## Ferðasýning ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu

Einn stærsti árlegi viðburðurinn á okkar vegum

Fimmtudaginn 29. apríl 2027
Tjarnarsal, Ráðhúsi Reykjavíkur, kl. 13.00-16.30






MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Aðalfundur, Ferðamálaþing & Höfuðgleði

**Salurinn,**
**miðvikudaginn 15. september 2027**

**Einn stærsti árlegi viðburðurinn á okkar vegum**

**Tímasetning innan dags í vinnslu.**

Breytt fyrirkomulag: aðgangseyrir
Ódýrara fyrir meðlimi.






MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# HÖFUÐKRAFTUR & HÖFUÐVINUR

**Ferðaþjónustuverðlaun höfuðborgarsvæðisins afhent á Ferðamálaþingi**








MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# “DAGURINN”

**Höldum dag ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem við bjóðum íbúum í skemmtilegar heimsóknir**

**Þróun á árinu 2026 og framkvæmd 2027.**

**Frekari útfærsla í vinnslu.**



MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

# Innlent tengslastarf

- **Stefnuráð** 2x á ári & **faghópar** 4 -10x á ári
  Sveitarfélög/ menning / þróunar og markaðsmál/ sjálfbærni

- **Morgunspjall með vin** - reglulega yfir árið
  - Árlegt jólabingó stærsti viðburðurinn

- Heimsókn framkvstj. í öll sveitarfélögin

Samstarf með öðrum m.a.:

- **Meistarataktar** í samstarfi við Íslenska ferðaklasann
- **Menntamorgnar** – samstarf Markaðsstofa landshlutanna og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar
- **Ferðaþjónustuvikan & Mannamót** – þátttaka Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

- Almennt samstarf með **Markaðsstofum landshlutanna**





# Verkefnin 2027

- Innlent tengslastarf
- **Markaðsmál & almannatengsl**
- Erlent tengslastarf & viðburðir
- Þróunarverkefni
- Reykjavík City Card
- Sérverkefni



VISIT REYKJAVÍK

Tiptoe Reykjavík

# Tiptoe Reykjavík

***Við höldum áfram á árinu 2027***
***með sömu skilaboð***
***en eitthvað nýtt og skemmtilegt.***

Létt og skemmtileg markaðsnálgun
fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Í forgrunni sjálfbær og meðvituð ferðaþjónusta
þar sem gestir eru hvattir að leita nýrra ævintýra.

Hvatning um að ferðast um
höfuðborgarsvæðið á eigin hraða
– *áherslan á ferðaþjónustukjarnana.*

Ferðamenn hvattir til að vera sitt
besta ferðasjálf (travelself).
***Step lightly. Enjoy deeply.***
***tiptoereykjavik.is***









MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Efnissköpun

- Heimsóknir á vef um
  **1 milljón á ári**
- Fylgjendur á samfélagsmiðlum
  um **224 þúsund**
- **Regluleg fréttabréf á neytendur**
  38.000 neytendur á póstlistanum
- **Regluleg fréttabréf á erlenda söluaðila**



# Visitreykjavik.is - gervigreindin

- Áframhaldandi vinna við visitreykjavik.is og sérstaklega tengt gervigreindinni.



# Viðburðadagtal á visitreykjavik.is

- Nýtt & notendavænna viðburðadagatal inn á Visit Reykjavík í áframhaldandi þróun með Mobilits og Um að gera.
  - **Helstu viðburðir á höfuðborgarsvæðinu**
  - **Helstu viðburðir frá aðildarfélögum**




Fókus á viðburði sem henta innlendum og erlendum ferðamönnum.

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Markaðsmál & almannatengsl

## Fjölmiðlaferðir

- Aðstoð og samstarf um fjölmiðlaferðir við Íslandsstofu og aðildarfélaga.

- Tækifæri: Víkingahátíð 30 ára á árinu 2027, UNESCO sundlaugamenning ofl.

## Áhrifavaldar

- Valdar ferðir ásamt aðstoð og samstarfi við aðila
- Munum leggja aftur meiri áherslu á árinu 2027 en var minni á árinu 2026.

Svörun fyrirspurna fjölmiðla & efnismiðlun um 30-50 fyrirspurnir á mánuði. Um 360 fyrirspurnum svarað á árinu 2025 og aðstoð við um 70 fjölmiðla.





# Verkefnin 2027

- Innlent tengslastarf
- Markaðsmál & almannatengsl
- **Erlent tengslastarf & viðburðir**
- Þróunarverkefni
- Reykjavík City Card
- Sérverkefni



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Erlent tengslastarf & viðburðir



- **Mid- Atlantic & Mannamót – lok janúar**
  - Viðburður með aðildarfélögum fyrir erlenda söluaðila - í skoðun





- **ITB, mars**
- **Vestnorden, Reykjavík/ Ísland, okt**
- **World Travel Market, nóv**

- **Valdar vinnustofur með Íslandsstofu – ókv.**

- **FAM ferðir** og önnur aðstoð við erlenda ferðaheildsala



- **CityDNA**, tengsl, þekkingarmiðlun og þróunarverkefni með öðrum borgum í Evrópu

“**Travel Trade**” á visitreykjavik.is–
efla þennan hluta m.a. vefkynning
fyrir erlenda söluaðila um áfangastaðinn
höfuðborgarsvæðið





# Verkefnin 2027

- Innlent tengslastarf
- Markaðsmál & almannatengsl
- Erlent tengslastarf & viðburðir
- **Þróunarverkefni**
- Reykjavík City Card
- Sérverkefni

Einn fjölbreyttur áfangastaður

Staður til að staldra við

Aukin lífsgæði

Gestrisni

Sjálfbærni

# Ferðakjarnar
## á höfuðborgarsvæðinu

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

**Markmið:**
**Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun**

Að þróa og kortleggja ferðaþjónustukjarna og ferðaleiðir sem nýtast í vöruþróun og markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við hagaðila.

Þetta er grundvöllur fyrir betri upplifun, dreifingu gesta um allt svæðið, lengri dvöl og sjálfbærni áfangastaðarins

**Lokið:**
Hafnarfjörður, Gamla höfnin og Grandinn,

**Á árinu 2026:**
Seltjarnarnes, Kópavogur, Elliðaárdalurinn, Öskjuhlíð, *Garðabær og Laugardalur*

**Á árinu 2027:**
***Garðabær, Laugardalur*, Viðey, Esja og Kjalarnes, Mosfellsbær**

Á árinu 2028: Miðborgin, Seltún og Krýsuvík,  útivistarsvæði höfuðbsv.

**Eftirfylgni við fyrri verkefni**




**1** Esja og Kjalarnes
**2** Mosfellsbær og Mosfellsdalur
**3** Seltjarnarnes og Grótta
**4** Gamla höfnin og Grandinn
**5** Viðey
**6** Miðborg Reykjavíkur
**7** Laugardalur
**8** Öskjuhlíð
**9** Elliðaárdalur
**10** Kópavogur
**11** Garðabær
**12** Hafnarfjörður
**13** Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið
**14** Seltún og Krýsuvík



# Sjálfbærni & loftslagsmál

**í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu**

**Á árinu 2027**

- Vinna við GDS sjálfbærnivísinn og eftirfylgni.
- Loftslagsborgarsamningur
- Aðgerðaráætlun um loftslagsmál
    - Glasgow Decliration
    - Kolefnisspor ferðaþj. á höfuðborgarsvæðinu
    - Faghópur um sjálfbærni
- Virkja betur samtal við íbúa s.s. með samtali við Íbúasamtök.

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

# Þróunarverkefni

## Upplifun ferðamanna

Vinna að vöruþróun fyrir áfangastaðinn með hagaðilum  sem snýr að lengingu dvalartíma og borgarferða utan háannar þar sem fjölbreytni, afþreying, menning, náttúra og lífsgæði fara saman.

## Menning

Að vekja athygli á menningartengdri ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og efla samtal / slagkraft menningaraðila s.s. í bígerð málþing.

## Matur

Þróun á verkefni sem eflir höfuðborgarsvæðið sem mataráfangastað og eflir samtal / slagkraft veitingaaðila s.s. í bígerð vinnustofa með veitingaaðilum.

## Vellíðan

UNESCO hefur skilgreint sundlaugarmenningu sem óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Ræða þarf betur hvernig á að nýta í samstarfi ásamt því að huga að vellíðunarferðaþjónustu. Skoða í samhengi við fjölmiðlaferðir.

## Hlaupaferðamennska

Að þróa höfuðborgarsvæðið sem áfangastað fyrir hlaupafólk. Byrjað að leggja grunn og verður skoðað áfram á árinu 2027.

## Golfferðaþjónusta

Að skoða áhuga á samstarfi golfvalla og ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu s.s. með samtölum.

## Gestamóttaka

Vinna að því að efla þekkingu og tengslanet þeirra sem eru í framlínu ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu. Í skoðun að setja upp hóp á samfélagsmiðlum.

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

# Þróunarverkefni

## Þjónusta við ferðamenn

Stuðla að jákvæðri upplifun ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu með því að efla þjónustu við ferðamenn og tryggja góða innviði s.s. í tengslum við öryggi, skýli á „pick up - drop off".

## Samgöngur og upplýsingagjöf

Vinna að því að skilgreina betur göngu- og ferðaleiðir, merkingar og upplýsingagjöf til ferðamanna í samstarfi við hagaðila. Sú vinna er áframhaldandi í tengslum við vinnu okkar um ferðaþjónustukjarna.

## Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu

Að heyra raddir hagaðila um tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu með væntingar um þróun þess. Áframhaldandi vinna við að klára þá samantekt og koma á framfæri.



# Rannsóknir og mælikvarðar

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

**Viðhorfsrannsókn meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu**

Vor 2027

**Rannsókn á ferðamönnum á höfuðborgarsvæðinu sumar/ vetur**

Vetrarkönnun 2027

**Ánægju - könnun**
á störfum stofunnar

Í aðdraganda aðalfundar

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

# Markhópagreining

- Fara í frekari skoðun á markhópum. Miðað við þau gögn sem eru fyrirliggjandi.

**Lífsglöðu heimshornaflakkararnir**




**Sjálfstæðu landkönnuðurnir**




- Íslandsstofa gerir reglulega rannsóknir á helstu markhópum Íslands sem áfangastaðar. Markaðsstofan notast við þá markhópagreiningu.



# Verkefnin 2027

- Innlent tengslastarf
- Markaðsmál & almannatengsl
- Erlent tengslastarf & viðburðir
- Þróunarverkefni
- **Reykjavík City Card**
- Sérverkefni

Einn fjölbreyttur áfangastaður | Staður til að staldra við | Aukin lífsgæði | Gestrisni | Sjálfbærni

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Reykjavík City Card

- Stafvæðing kortsins í samstarfi við hagaðila
- Þróun fyrir allt höfuðborgarsvæðið skapar ný tækifæri í þróun og markaðssetningu
- Áframhaldandi kynning og sala
    - Kynna betur innihald City Card fyrir aðilum í ferðaþjónustu
    - Eiga samstarf um meira pakkasamstarf
- Hvatning til aðildarfélaga að setja tilboð og kynna þau betur út á við og í gegnum stafvæðinguna.





# Verkefnin 2027

- Innlent tengslastarf
- Markaðsmál & almannatengsl
- Erlent tengslastarf & viðburðir
- Þróunarverkefni
- Reykjavík City Card
- **Sérverkefni**



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

# Útivist á höfuðborgarsvæðinu

- Rekstur skv. samningi við SSH

- Áframhaldandi þróun og markaðssetning í samstarfi við SSH s.s. fleiri leiðir, viðburðadagatal ofl.





Við erum **samstarfsvettvangur** og því mikilvægt að mæla **ánægju aðildarfélaga** með samstarfið og starfsemina reglulega

# Ánægja okkar aðildarfélaga*

**Könnun er í gangi meðal aðildarfélaga og klárst í lok ágúst fyrir árið 2026.**
**Verður uppfært fyrir aðalfundargögn.**

## Ánægja með stofuna




**2025: 88% ánægja**
2024: 84% ánægja

## Ánægja með samstarf




**2025: 87% ánægja**
2024: 84% ánægja

## Ánægja með árangur verkefna




**2025: 79% ánægja**
2024: 71% ánægja

* Svör 38 aðildarfélaga í júní 2025

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS

## Hlökkum til samstarfsins

4,5 starfsgildi / Ármúla 13



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK

# Samstarf eykur slagkraft



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK









# Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2027-2030

Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

Unnin af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 2026 í samstarfi við:

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

SÓKNARÁÆTLANIR
LANDSHLUTA

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

# Efnisyfirlit


- Um áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 4
- Um Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins 7
- Áfangastaðurinn 11
  - Um höfuðborgarsvæðið
  - Stöðugreining á áfangastaðnum
- Stefnumörkun 17
  - Framtíðarsýn áfangastaðarins
  - Sögur sem við viljum segja um áfangastaðinn
  - Markhópar áfangastaðarins
  - Markmið og mælikvarðar
- Þróun og áhersluverkefni 24
  - Þróunarverkefni
  - Markaðsmál og almannatengsl
  - Samstarf og tengsl við hagaðila
- Uppbygging 39


MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK








# Um áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

# Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins.

Um er að ræða sameiginlega stefnuyfirlýsingu sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins er gerð að frumkvæði stjórnvalda, en er unnin af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins í nánu samstarfi við sveitarfélög, aðildarfélaga, íbúa og aðra hagaðila. Við gerð hennar er horft til þess að tengja hana við aðrar svæðisbundnar áætlanir sem og áætlanir sem gilda á landsvísu, t.d.

- Ferðamálastefnu stjórnvalda til ársins 2030
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040
- Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins
- Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins
- Ferðamálastefnur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

**Fyrir hverja er áfangastaðaáætlun og hvernig nýtist hún?**

Áfangastaðaáætlun er verkfæri fyrir sveitarfélög, ferðaþjónustufyrirtæki, stofnanir og íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Hún styður við samræmda þróun ferðaþjónustu og skýrir sameiginlegar áherslur svæðisins.

- **Sveitarfélög**
  - Styðja við skipulags- og þróunarmál
  - Forgangsraða innviðum og uppbyggingu
  - Efla samstarf milli sveitarfélaga og hagaðila
- **Ferðaþjónustufyrirtæki**
  - Þróa vörur og þjónustu í takt við stefnu svæðisins
  - Nýta samstarf og sameiginleg verkefni
  - Styrkja samkeppnishæfni og nýsköpun
- **Stofnanir og stoðkerfi**
  - Samræma stefnumótun og aðgerðir
  - Byggja ákvarðanir á sameiginlegri sýn svæðisins
  - Styðja forgangsverkefni og fjárfestingar
- **Íbúar**
  - Taka þátt í þróun áfangastaðarins
  - Miðla þekkingu á nærumhverfi sínu
  - Benda á tækifæri og áskoranir í uppbyggingu svæðisins

# Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins var stofnuð 3. apríl 2023 af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins. Samhliða stofnun stofunnar var fyrsta áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins unnin. Uppfærð áfangastaðaáætlun og stefnumörkun áfangastaðarins var samþykkt á aðalfundi 2024 og gilti hún út árið 2026.

Í upphaf árs 2026 fór af stað vinna við endurskoðun áfangastaðaáætlunar og niðurstaða þeirra vinnu er núverandi áætlun sem samþykkt var á aðalfundi Markaðsstofunnar í september 2026.

Stefnumörkun áfangastaðarins byggir á framtíðarsýn, leiðarljósi, fjórum stoðum og gildum fyrir áfangastaðinn ásamt markmiðum og mælanlegum mælikvörðum. Stefnumörkunin og áfangastaðaáætlunin eru í gildi til 2030.

Sjálfbærni er meginstoð í allri þróun áfangastaðarins þar sem horft er til þess að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag. Áhersla er á samvinnu og samstarf við þróun og markaðssetningu á áfangastaðnum.

Áfangastaðaáætlun er stefna áfangastaðarins og því er áfangastaðaáætlun grunnurinn að stefnu og öllum verkefnum Markaðsstofunnar. Verkefnin þurfa því að falla að þeirri framtíðarsýn sem mörkuð hefur verið.

**Áfangastaðaáætlun er uppfærð árlega með tilliti til uppbyggingarverkefna sveitarfélaga.**




Framtíðarsýn áfangastaðarins







# Um Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

# Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

**Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins**
þróar og markaðssetur áfangastaðinn í heild.

Áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur með sjálfbærni að leiðarljósi.

Markaðsstofan vinnur undir merkjum
Visit Reykjavík í öllu markaðsstarfi.

VISIT
REYKJAVÍK

**Hlutverk og helstu áherslur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins:**

- Efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfisins.
- Efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Stuðla að sátt íbúa, atvinnulífsins og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónstunnar.
- Styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðaþróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins.

# Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

## Stjórn, stefnuráð og faghópar

**Stjórn** er skipuð sjö manns og þremur til vara.

- Fjórir eru tilnefndir af stjórn SSH og sitja í tvö ár hið minnsta.*
- Þrír koma frá aðildarfyrirtækjum og einn varamaður og er kosið ár hvert.

**Stefnuráð** er skipað 12 manns.

- Sex eru tilnefndir af stjórn SSH og sex kosnir frá aðildarfyrirtækjum ár hvert.
- Hlutverk stefnuráðs er að vera tengiliður milli stofnenda og samstarfsaðila stofunnar og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfseminni í samræmi við það sem kveðið er á um í samþykktum hennar. Stefnuráð hittist tvisvar á ári.

**Faghópar** eins og við á.

- Aðildarfélagar & fulltrúar sveitarfélaga.

*Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður eiga fast sæti í stjórn.
Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes skipta með sér sæti og varamannasætum.*

## Hagaðilar

**Grunnforsenda árangurs eru samskipti við hagaðila** á viðkomandi svæði.

Slíkt umhverfi verður til við að **lykilhagaðilar geti tekið þátt í mótun og uppbyggingu á áfangastaðnum** þannig að stuðningur sé við verkefni stofunnar.



Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins



## Samstarfs- og aðildarfélagar

### Sveitarfélög

- Reykjavík
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Kópavogur
- Mosfellsbær
- Seltjarnarnes

### Aðildarfélög

- Fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgar-svæðinu

### Samstarfsaðilar

- Menningar- og viðskiptaráðuneyti
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Ferðamálastofa
- Íslandsstofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Markaðsstofur landshlutanna
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar
- Íslenski ferðaklasinn
- o.fl.







# Áfangastaðurinn

# Um höfuðborgarsvæðið



# Um höfuðborgarsvæðið



## Framboð á höfuðborgarsvæðinu árið 2025

| | |
|---|---|
| **135** | gististaðir |
| **57** | hótel |
| **5.442** | hótelherbergi |
| **495** | veitingastaðir |
| **294** | ferðaskrifstofuleyfi |
| **404** | ferðaskipuleggjendur |
| **79** | bílaleigur |




## Íbúar höfuðborgarsvæðisins 1. janúar 2026

| | |
|---|---|
| Reykjavík | **139.804** |
| Kópavogur | **40.286** |
| Seltjarnarnes | **4.609** |
| Garðabær | **20.724** |
| Hafnarfjörður | **32.398** |
| Mosfellsbær | **13.772** |

# Stöðugreining á áfangastaðnum



MARKAÐSSTOFA
**HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS**
VISIT **REYKJAVÍK**

# Lykiltölur um þróun ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu

Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu á Íslandi / **2023**, kr. 603.533.700.000 / **2024**, kr. 622.175.000.000 / **2025**, kr. 628.848.500.000* ↑

89,4% (2024)
88,2% (2025) ↓
erlendra ferðamanna heimsækja höfuðborgarsvæðið*
Ferðamálastofa 2026

3.486.422 (2023)
3.432.918 (2024) ↓
Fjöldi gistinátta á höfuðborgarsvæðiu
Hagstofa Íslands, 2026

2,9 (2024)
2,7 (2025) ↓
er meðaltal gistinátta erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu
Ferðamálastofa, 2026

66,0% (2024)
71,3% (2025) ↑
íbúa á höfuðborgarsvæðinu hafa jákvætt viðhorf til ferðamanna
Maskína, 2025

41,9 (2025)
NPS skor fyrir höfuðborgarsvæðið
94% (2025)
ferðamanna eru ánægðir með heimsókn sína
Maskína, 2025

9,6% (2022)
hlutfall ferðaþjónustu af atvinnutekjum**
Ferðagögn, 2022

75,2% (2024)
74,7% (2025) ↓
meðalnýting hótelherbergja
Hagstofa Íslands, 2026

15,800 (2024)
18,100 (2025) ↑
starfandi í ferðaþjónustu og tengdum greinum
Hagstofa Íslands, 2026

*Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu fyrir árið 2025 eru bráðabirgðatölur
**Gögn um hlutfall ferðaþjónustu af atvinnutekjum hafa ekki verið uppfærð síðan 2022.

# Seglar höfuðborgarsvæðisins

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

Haustið 2023 vann ráðgjafafyrirtækið Datera greiningu fyrir Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins á vinsælustu ferðamannastöðum höfuðborgarsvæðisins samkvæmt leitaráhuga ferðamanna á netinu.

**20 helstu seglar svæðisins útfrá leitaráhuga**:


1. Sky Lagoon


2. Harpa


3. Hallgrímskirkja


4. Hið íslenska reðasafn


5. Perlan


6. Sólfarið


7. Víking hótel / Village


8. Flyover Iceland


9. Þríhnúkagígur


10. Lava Show


11. Esjan


12. Þjóðminjasafnið


13. Grótta


14. Friðarsúlan


15. Laugardalslaug


16. Reykjavíkurhöfn


17. Nauthólsvík


18. Saga Museum


19. Whales of Iceland


20. Smáralind







# Stefnumörkun

# Framtíðarsýn áfangastaðarsins

## Framtíðarsýn áfangastaðarins

### Einn fjölbreyttur áfangastaður

Allt svæðið myndar eina heild og býður upp á iðandi menningarlíf, fjölbreytta afþreyingu og einstakar náttúruperlur.

### Staður til að staldra við

Áfangastaður þar sem erlendir og innlendir ferðamenn vilja staldra við, njóta og upplifa lengur.

### Sjálfbærni

Leiðandi í sjálfbærri ferðaþjónustu með áherslu á að auka jákvæð áhrif á samfélag, efnahag, umhverfi og upplifun gesta.

### Aukin lífsgæði

Ferðaþjónustan skapar aukin lífsgæði fyrir samfélagið sem bæði íbúar og ferðamenn fá að njóta.

### Gestrisni

Gestrisni er í forgrunni og ferðamenn upplifa sig velkomna, óháð uppruna, kyni eða skoðunum og fara heim með góðar sögur að segja.

## Gildi

### Nærgætni

Við göngum vel um náttúruna og samfélagið og sýnum umburðarlyndi.

### Útsjónarsemi

Við leysum þau vandamál sem upp kunna að koma á góðan hátt.

### Stolt

Við erum stolt af áfangastaðnum og viljum að gestum okkar líði vel.

# Framtíðarsýn áfangastaðarins

## Tenging framtíðarsýnar áfangastaðarins við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



# Sögur sem við viljum segja

## Leiðarljós

Höfuðborgarsvæðið er vinalegur og nærandi áfangastaður með öflugu menningarlífi og einstakri náttúru Íslands sem skapar jarðtengingu og vellíðan.

## Stoðir

### Náttúran

Falleg og einstök náttúra er órjúfanlegur hluti af höfuðborgarsvæðinu.

### Vellíðan

Vatnið, orkan og hitinn móta menningu staðarins og skapa kyrrð, jarðtengingu og djúpa vellíðan.

### Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálslynt og fjölskylduvænt og einkennist af umburðarlyndi, jafnrétti og öryggi.

### Menningarlífið

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öflugu menningarlífi með áhugaverðri sögu, fjölbreyttri verslun, matarmenningu, söfnum, sýningum og viðburðum.

Sjálfbærni er megináherslan í öllum stoðunum
**SUMAR, VETUR, VOR & HAUST**

## Persónuleiki og tónn

### Frásagnargleði

Við viljum að segja sögur – sannar sögur úr hversdagsleikanum.

### Öll velkomin

Gestrisni er okkur í blóð borin. Við komum jafnt fram við alla okkar gesti.

### Opin og vinaleg

Við erum afslöppuð, auðmjúk og tökum okkur ekki of alvarlega.

MARKAÐSSTOFA
**HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS**
VISIT **REYKJAVÍK**

# Sögur sem við viljum segja

## Náttúran

Náttúran er órjúfanlegur hluti af höfuðborgarsvæðinu.

- *Náttúra frá fjöru til fjalls í bakgarðinum*
- *Fjölbreytt afþreying – eitthvað fyrir alla*
- *Vellíðan og heilsa í nærandi náttúru*
- *Eldvirkni í bakgarðinum*



## Vellíðan

Vatnið og hitinn móta menningu staðarins og skapa kyrrð, jarðtengingu og djúpa vellíðan.

- *Heita vatnið og hreina orkan*
- *Hreinleiki, heilsa og vellíðan*
- *Laugar og böð sem hluti af menningunni*



## Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálslynt og fjölskylduvænt og einkennist af umburðarlyndi, jafnrétti og öryggi.

- *Frelsi og jafnrétti*
- *Fjölbreytileiki, umburðarlyndi og samkennd*
- *Fjölskylduvænt og fræðandi*



## Menningarlífið

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öflugu menningarlífi með fjölbreyttri verslun, matarmenningu, söfnum, sýningum og viðburðum.

- *Öflugt menningarlíf*
- *Gæði í matarmenningu og verslun*
- *Listamenn, söfn og sýningar á heimsmælikvarða*
- *Suðupottur ólíkra strauma*
- *Ung borg – stutt saga*



Sjálfbærni er megináherslan í öllum stoðunum
**SUMAR, VETUR, VOR & HAUST**

# Markhópar áfangastaðarins

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

## Lífsglöðu heimshornaflakkararnir




- Ung, tæknivædd og ástríðufull fyrir ferðalögum.
- Efnuð og reiðubúin að kaupa ferðir fyrirfram, sér í lagi náttúruferðir, gönguferðir og vistvænar ferðir.
- Ævintýragjörn en innan skynsamlegra marka.
- Ferðast í núinu og leitast eftir því að upplifa menningu áfangastaðarins.
- Áreiðanleiki er lykilatriði þegar kemur að skilaboðum.

## Sjálfstæðu landkönnuðurnir




- Reyndir ferðalangar (40 ára eða eldri).
- Vilja ekki hefðbundna eða of skipulagða ferðadagskrá og eru tilbúin til að leggja meira á sig en aðrir til að fá sanna og nýja upplifun.
- Kjósa að ferðast í minni hópum, líklegast með maka sínum, þar sem ekta íslensk upplifun skiptir máli.
- Leita að tækifærum til að læra um menningu og sögu áfangastaðarins og ferðast á vistvænan hátt.
- Eru mun ólíklegri til að nota samfélagsmiðla í samskiptum en aðrir hópar.

- Íslandsstofa gerir reglulega rannsóknir á helstu markhópum Íslands sem áfangastaðar. Markaðsstofan notast við þá markhópagreiningu.

# Markmið og mælikvarðar

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

## Markmið og mælikvarðar

### Einn fjölbreyttur áfangastaður
**Mælikvarði: Dreifing ferðamanna**

**Markmið - 2030:**
Hlutfall ferðamanna sem segist heimsækja hvert sveitarfélag verði minnst 10% yfir árið.

**Staðan 2024 og 2025:**
Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellsbær:
Færri en 10% sumar 2024 og vetur 2025.
Kópavogur:
Um 12% sumar 2024 og um 20% vetur 2025.
Seltjarnarnes:
Um 8% sumar 2024 og um 15% vetur 2025.

Maskina, 2024 & Maskína, 2025

### Staður til að staldra við
**Mælikvarði: Gistinætur**

**Markmið - 2030:**
Meðaltal gistinátta erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu verði 3,2 eða hærra.

**Staðan 2025:**
Meðaltal gistinátta var 2,7.

Ferðamálastofa, 2026

### Sjálfbærni
**Mælikvarði: GDS vísitalan**

**Markmið - 2030:**
Reykjavík verði áfram á topp 10 lista GDS vísitölunnar.

**Staðan 2025:**
10. sæti

### Aukin lífsgæði
**Mælikvarði: Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu**

**Markmið 1 - 2030:**
Hlutfall íbúa með jákvætt viðhorf til ferðamanna verði 75% eða hærra.

**Staðan 2025:**
71% íbúa með jákvætt viðhorf.

**Markmið 2 - 2030:**
Hlutfall íbúa sem telja ferðaþjónusta hafa stuðlað að betri lífsgæðum verði 50% eða hærra.

**Staðan 2025:**
Hlutfallið mældist 38,7%.

Maskína, 2025

### Gestrisni
**Mælikvarði: Ánægja ferðamanna**

**Markmið 1:**
Hlutfall ferðamanna sem segist vera ánægt með heimsókn til Reykjavíkur verði áfram yfir 90%.

**Staðan 2025:** 94% ánægðir, bæði sumar 2024 og vetur 2025.

**Markmið 2 - 2030:**
NPS skorið mælist 60.

**Staðan 2025:**
NPS mældist 41,9 yfir sumarið 2024 og vetur 2025.

Maskina, 2024 & Maskína, 2025







# Þróun og áhersluverkefni

# Áhersluverkefni

Áhersluverkefni Markaðsstofunnar eru aðgerðir og verkefni sem falla að markmiðum um þróun á áfangastaðnum og miða að því að ná fram framtíðarsýninni sem sett er fram í áætluninni.




Áhersluverkefnin er þrennskonar: þróunarverkefni, markaðsstarf og almannatengsl og samstarf og tengsl við hagðila.



# Þróunarverkefni



# Helstu þróunarverkefni

## Ferðaþjónustukjarnar og ferðaleiðir

Haustið 2024 hóf Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins að vinna verkefni um ferðaþjónustukjarna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins er að þróa og kortleggja ferðaþjónustukjarna sem munu nýtast í vöruþróun og markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu. Það er grundvöllur fyrir betri upplifun, dreifingu gesta, lengri dvöl og sjálfbærni áfangastaðarins í takt við stefnu áfangastaðarins.

Ferðaþjónustukjarni er afmarkað svæði sem ferðamenn vilja heimsækja. Hver ferðaþjónustukjarni samanstendur af nokkrum stöðum sem bjóða uppá ólíka upplifun en sem saman mynda eitt svæði með aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Alls hafa fjórtán ferðaþjónustukjarnar verið skilgreindir og greindir með tilliti til aðdráttarafls þeirra og markhópa. Næstu skref verkefnisins um ferðaþjónustukjarna eru hagaðilasamtöl í hverjum kjarna til að dýpka greiningu á hverjum kjarna og fá innsýn í tækifæri og áskoranir hverju sinni.



# Helstu þróunarverkefni

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

## Yfirlit yfir ferðaþjónustukjarna og ferðaleiðir höfuðborgarsvæðisins




**1** Esja og Kjalarnes
**2** Mosfellsbær og Mosfellsdalur
**3** Seltjarnarnes og Grótta
**4** Gamla höfnin og Grandinn
**5** Viðey
**6** Miðborg Reykjavíkur
**7** Laugardalur
**8** Öskjuhlíð
**9** Elliðaárdalur
**10** Kópavogur
**11** Garðabær
**12** Hafnarfjörður
**13** Útivistarsvæði umhverfis höfuðborgarsvæðið
**14** Seltún og Krýsuvík

# Helstu þróunarverkefni



## Aðgerðaáætlun um loftslagsmál

Markaðsstofan hefur undirritað loftslagsborgarsamning Reykjavíkurborgar með það markmið að draga úr losun gróðurhúslofttegunda af völdum ferðaþjónustu og styðja þar með við markmið Reykjavíkurborgar um að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2030.

Hlýnun jarðar skapar ýmsar áskoranir fyrir ferðaþjónustu. Þar má t.d. nefna aukna tíðni ofsaveðurs sem ógnar öryggi ferðamanna og bráðnun jökla sem hefur áhrif á ásýnd og aðdráttarafl Íslands. Því er afar mikilvægt að vinna markvisst að því að draga úr losun gróðurhúslofttegunda.

Til þess að draga úr losun af völdum ferðaþjónustu vinnur Markaðsstofan að eftirfarandi aðgerðum:

- Undirritun Glasgow-yfirlýsingarinnar um loftslagsaðgerðir í ferðaþjónustu
- Finna aðferðafræði til að mæla kolefnisspor ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu
- Reglulegir fundir með faghópi sjálfbærni, en markmið hópsins er að finna leiðir til þess að efla sjálfbærni áfangastaðarins og draga úr losun gróðurhúslofttegunda. Hópurinn samanstendur af aðildarfélögum úr ólíkum undirgreinum ferðaþjónustunnar.

Sjálfbærni

## GDS vísitalan

Frá árinu 2024 hefur Markaðsstofan tekið þátt í svörun á GDS vísitölunni (e. Global Destination Sustainability Index) fyrir höfuðborgarsvæðið í samstarfi við Meet in Reykjavík. Markmið GDS vísitölunnar er mæla og bera saman frammistöðu áfangastaða þegar kemur að sjálfbærni og hvetja áfangastaði áfram í átt að sjálfbærri framtíð. Áfangastaðir sem taka þátt í GDS vísitölunni svara ítarlegum spurningalista og fá í kjölfarið einkunn. Þeir geta einnig borið sig saman við aðra áfangastaði. GDS vísitalan gefur góða innsýn í það hvar höfuðborgarsvæðið stendur með tilliti til sjálfbærni og hvað þurfi til að ná markmiði áfangastaðarins um að vera leiðandi í sjálfbærni.

GDS vísitalan er tengd Heimsmarkmiðunum og viðmiðum Alþjóðaráðsins um sjálfbæra ferðaþjónustu (GSTC). Jafnframt er Alþjóðlega ferðamálastofnunin (UNWTO) samstarfsaðili verkefnisins. Spurningunum er skipt í fjóra flokka: Umhverfi, samfélag, birgjar og áfangastaðastjórnun.

Sjálfbærni

# Helstu þróunarverkefni



## Rannsóknir og mælikvarðar

Markaðsstofan gerir reglulegar mælingar og kannanir til að fylgjast með þróun áfangastaðarins og áhrifum ferðaþjónustu á efnahag, samfélag og umhverfi. Mælingarnar eru m.a. nýttar til þess að setja mælikvarða fyrir framtíðarsýn áfangastaðarins og fylgja henni eftir. Gögnin nýtast einnig til að bera höfuðborgarsvæðið saman við aðra áfangastaði.

Meðal kannana sem Markaðsstofan lætur framkvæma reglulega eru rannsóknir á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu ásamt ferðavenjukönnun erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu.

Markmiðið í framtíðinni er að skilgreina betur markhópa höfuðborgarsvæðisins út frá þeim gögnum sem til eru. Einnig er horft til þess að mæla vel árangur af öllum markaðsaðgerðum stofunnar.




## Fræðsluverkefni

Markaðsstofan skipuleggur og tekur þátt í fræðsluverkefnum sem stuðla að aukinni fagmennsku, hæfni og gæði í ferðaþjónustu. Verkefnin eru unnin í nánu samstarfi við ýmsa samstarfsaðila.

Meðal annars eru Meistarataktar haldnir árlega í samstarfi við Íslenska ferðaklasann. Á Meistaratöktum gefst aðildarfélögum Markaðsstofunnar og Íslenska ferðaklasans tækifæri til þess að heyra erindi frá fyrirtækjum og einstaklingum sem eru framarlega á tilteknu sviði.

Jafnframt stendur Markaðsstofan ásamt öllum Markaðsstofum landshlutanna fyrir Menntamorgnum í samstarfi við Hæfnissetur ferðaþjónustunnar og Samtök ferðaþjónustunnar. Menntamorgnar eru haldnir fjórum sinnum að ára að jafnaði um málefni sem eru efst á baugi hverju sinni.



# Helstu þróunarverkefni

## Nærsamfélagið

Virkja samtal og samstarf hagaðila um ferðaþjónustuna og hagræn og samfélagsleg áhrif hennar á samfélagið og höfuðborgarsvæðið. M.a. með eftirfarandi verkefnum:

### Virkja samtalið við íbúa

Virkja samtal við íbúa til að stuðla að jákvæðum áhrifum ferðaþjónustunnar á nærsamfélagið og lífsgæði íbúa.

### Ferðaþjónustudagurinn

Þróun á ferðaþjónustudegi (etv. viku) þar sem ferðaþjónustuaðilar bjóða upp á sértilboð til íbúa, þ.m.t. viðburðir / leiðsögn sérstaklega fyrir íbúa. Það verði gert í því skyni að þakka íbúum fyrir þeirra framlag til þess að skapa vinalegan áfangastað og taka vel á móti gestum.

*Í samhengi við þetta verður einnig skoðað að setja upp vef á íslensku fyrir áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið.*




## Þjónusta við ferðamenn

Stuðla að jákvæðri upplifun ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu með því að efla þjónustu við ferðamenn og tryggja góða innviði s.s. í tengslum við öryggi, skýli á „pick up - drop off“, þ.m.t. fyrir farþega skemmtiferðaskipa, sem og eftirfarandi verkefni:

### Samgöngur og upplýsingagjöf

Vinna að því að skilgreina betur göngu- og ferðaleiðir, merkingar og upplýsingagjöf til ferðamanna  í samstarfi við hagaðila.

### Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu

Að heyra raddir hagaðila um tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu með væntingar um þróun þess.



# Helstu þróunarverkefni

## Upplifun ferðamanna

Vinna að vöruþróun fyrir áfangastaðinn með hagaðilum sem snýr að lengingu dvalartíma og borgarferða utan háannar þar sem fjölbreytni, afþreying, menning, náttúra og lífsgæði fara saman.

## Menning

Að vekja athygli á menningartengdri ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og efla samtal / slagkraft menningaraðila.

## Matur

Þróun á verkefni sem eflir höfuðborgarsvæðið sem mataráfangastað og eflir samtal / slagkraft veitingaaðila.

## Vellíðan

UNESCO hefur skilgreint sundlaugarmenningu sem óáþreifanlegan menningararf mannkyns. Ræða þarf betur hvernig á að nýta í samstarfi ásamt því að huga að vellíðunarferðaþjónustu í tengslum við náttúrugæði.

## Hlaupaferðamennska

Að þróa höfuðborgarsvæðið sem áfangastað fyrir hlaupafólk.

## Golfferðaþjónusta

Að skoða áhuga á samstarfi golfvalla og ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu.

## Gestamóttaka

Vinna að því að efla þekkingu og tengslanet þeirra sem eru í framlínu ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu.



Sérverkefni

## Útivist á höfuðborgarsvæðinu

*Út um allt - útivist á höfuðborgarsvæðinu* er upplýsingavefur um útivistarsvæði, göngu- og hjólaleiðir á svæðinu. Vefnum er ætlað að gefa yfirsýn yfir þá fjölbreyttu möguleika sem höfuðborgarsvæðið býður upp á í tengslum við útivist og spannar öll sveitarfélögin á svæðinu.

Á vefnum er að finna fróðleik um útivistarsvæði ásamt göngu- og hjólaleiðir og að auki er hægt að skoða upplýsingar á korti. Vefurinn virkar vel í síma og sýnir staðsetningu notanda á korti í rauntíma.

Vefurinn er í stöðugri þróun og fleiri leiðir og svæði bætast við þegar fram sækir.

Vefurinn er hluti af sóknaráætlun höfuborgarsvæðisins en Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins sjá um rekstur hans.

Vefurinn byggir á miðlægu skráningarkerfi og gagnagrunni Ferðamálastofu sem heldur utan um gönguleiðir og útivistarsvæði um allt land.



# Reykjavík City Card

## Reykjavík City Card

Gestakortið Reykjavík City Card hjálpar ferðamönnum að kynnast höfuðborgarsvæðinu á ódýran og einfaldan hátt. Með Reykjavík City Card er hægt að nýta sér ýmsa afþreyingu á höfuðborgarsvæðinu, ferðast um í strætó og fara í sund.

Markaðsstofan fer með markaðssetningu og sölu á gestakortinu Reykjavík City Card. Kortið er öflugt markaðsstól til þess að benda á þá fjölbreyttu afþreyingu sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu.

Markaðsstofan vinnur að þróun á stafrænni útgáfu gestakortsins fyrir allt höfuðborgarsvæðið til þess að auka ánægju gesta og stuðla að bættri markaðssetningu á menningartengdri upplifun og umhverfisvænum samgöngumáta.



# Markaðsmál & almannatengsl



# Markaðsmál & almannatengsl

## Vefurinn visitreykjavik.is

Markaðsstofan heldur utan um vefinn visitreykjavik.is. Heimsóknir á vefinn eru um 1 milljón á ári. Á vefnum er einnig viðamikið viðburðadagatal fyrir viðburði á höfuðborgarsvæðinu.

**Samfélagsmiðlar @visitreykjavik**

Fylgjendur á samfélagsmiðlum (facebook og instagram) eru rúmlega 215 þúsund.

Samstarf er við valda áhrifavalda bæði innlenda og erlenda.

## Almannatengsl

Markaðsstofan svarar fyrirspurnum innlendra og erlendra blaðamanna, skipuleggur og tekur þátt í blaðamannaferðum með samstarfsaðilum og Íslandsstofu.

## Erlent markaðs- og tengslastarf

Markaðsstofan tekur þátt í ferðasýningum og viðskiptasendinefnum erlendis.

Einnig er verið að aðstoða og byggja upp tengsl við erlenda söluaðila ásamt almennri svörun fyrirspurna frá þeim.

Markaðsstofan skipuleggur einnig með samstarfsaðilum FAM ferðir fyrir erlenda söluaðila.

## Erlent samstarf

Markaðsstofan tekur þátt í ýmsu erlendu samstarfi, þar má helst telja að hún er aðili að CityDNA sem er þekkingarnet og tengslastarf í ferðaþjónustu á milli borga í Evrópu.

**Allt markaðsstarf styður við framtíðarsýn áfangastaðarins.**



# Samstarf og tengsl við hagaðila



# Samstarf og tengsl við hagaðila

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins stuðlar að þróunar-, markaðs- og tengslastarfi aðila á höfuðborgarsvæðinu með viðburðum og samstarfi sem styður við framtíðarsýn áfangastaðarins.

## Hittumst

Ferðasýning ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn er árlega.

## Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins

Haldið árlega þar sem fengnir eru fyrirlesarar sem fjalla um málefni tengd ferðaþjónustunni.

## Verðlaun - Höfuðkraftur

Höfuðkraftur er árlega veittur þeim sem hefur með starfi sínu og stefnu eflt ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu og stuðlað að jákvæðum áhrifum á nærumhverfi sitt og samfélag.

## Verðlaun - Höfuðvinur

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins verðlaunar árlega áhuga og elju aðildarfélaga sinna með viðurkenningunni Höfuðvin.

## Höfuðgleði

Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu.

## Morgunspjall með vin

Létt og skemmtileg samverustund þar sem aðildarfélagar fá tækifæri til að kynna sér önnur fyrirtæki, mynda tengsl og spjalla yfir góðum kaffibolla.

Markaðsstofan er hluti af Markaðsstofum landshlutanna og kemur að ýmsum viðburðum og verkefnum í tengslum við samstarfið, þ.á.m:

## Ferðaþjónustuvikan

Markaðsstofur landshlutanna, Íslenski ferðaklasinn, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofa og Íslandsstofa bjóða upp á spennandi dagskrá þar sem lögð er áhersla á að auka vitund um mikilvægi ferðaþjónustu og efla samstarf og fagmennsku í greininni með fróðlegri og skemmtilegri dagskrá.

## Mannamót

Árleg ferðakaupstefna haldin af Markaðsstofum landshlutanna.







# Uppbygging

# Uppbyggingarverkefni

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

Uppbyggingarverkefni eru verkefni sem viðkomandi sveitarfélag vinnur að í samstarfi við þá sem málið varðar. Verkefnin hafa það markmið að efla áfangastaði eða áningarstaði ferðamanna, m.a. með því að

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

Uppbygging innviða er á hendi sveitarfélaga, landeigenda og annara hagaðila. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins er ekki í forsvari fyrir uppbyggingarverkefni, en getur veitt aðstoð og stuðlað að samtali hagaðila sé tilefni til þess.

Markaðsstofan óskar eftir lista frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu yfir uppbyggingarverkefni sem efla eiga ferðaþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi og sem er ráðgert að framkvæmd verði á gildistíma áfangastaðaáætlunar. Á næstu síðum má finna upplýsingar um verkefnin og er listinn uppfærður árlega.

# Uppbyggingarverkefni sveitarfélaganna

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

### Reykjavík
1: Úlfarsfell
2: Öskjuhlíð
3: Nauthólsvík / Ylströnd
4: Fossvogsbakkar
5: Viðey
6: Fjölskyldu- og húsdýragarður
7: Austurheiðar
8: Esja
9: Elliðaárdalur
10: Ásmundarsafn
11: Þjóðhátíðarlundur að Búrfellsgjá
12: Mógilsá að Þverfellshorni
13: Esjuvegur

### Kópavogur
1: Stígagerð á Vatnsendahæð
2: Gönguleiðir í Lækjarbotnalandi
3: Tröllabörn
4: Trjásafnið í Meltungu
5: Kópavogsleira

### Hafnarfjörður
1: Seltún í Krýsuvík
2: Hellisgerði
3: Helgafell
4: Krýsuvíkurberg
5: Hvaleyrarvatn
6: Gráhelluhraun
7: Leiðarendi
8: Sjóbaðsaðstaða við Herjólfsgötu
9: Áningarstaður við Reykjanesbraut
10: Hvaleyrarlón
11: Stjörnuskoðun í Krýsuvík
12: Vitinn
13: Hamarinn



### Garðabær
1: Minjagarðurinn á Hofsstöðum
2: Friðland Vífilsstaðavatns og nágrennis
3: Garðahverfi – verndarsvæði í byggð
4: Búrfell – frá hrauni til gígs
5: Fjöruferð á Álftanesi
6: Bessastaðir

### Mosfellsbær
1: Álfafosskvos
2: Helgufoss
3: Orkugarður
4: Gljúfrasteinn og Jónstótt
5: Útivistarsvæðið í Hamrahlíð við Úlfarsfell
6: Fjallahjólaparadísin Mosfellsbær

### Seltjarnarnes
1: Gerð gönguleiðar á milli safnasvæðisins og Snoppu
2: Bílastæði í nágrenni Gróttu og safnasvæðis
3: Samræmdar merkingar og upplýsingarskilti

MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS
VISIT REYKJAVÍK

# Reykjavík
13 verkefni

## Verkefni 1: Úlfarsfell

Úlfarsfell er vinsælt útivistarsvæði með gönguleiðum víðsvegar um fjallið. Á toppi fjallsins er einn besti útsýnistaður höfuðborgarsvæðisins þaðan sem horfa má alla leið upp á Snæfellsnes. Í suður og austur er m.a. víðsýni yfir Heiðmörk, Bláfjöll og Hengilssvæðið.

*Hvað á að gera?*

- Merkja gönguleiðirnar með skiltum
- Koma upp salernisaðstöðu við bílastæði við upphaf göngu- og hjólaleiðar við Úlfarsfellsveg
- Setja upp göngu- og hjólaleiðaskilti
- Útsýnispallur og bekkir
- Stígagerð og lagfæring göngu- og hjólaleiða

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 2: Öskjuhlíð

Í Öskjuhlíð er fallegur skógur sem býður upp á útivistarmöguleika fyrir almenning. Á svæðinu er einnig að finna Perluna, eitt af minnismerkjum Reykjavíkurborgar og einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu.

*Hvað á að gera?*

- Merkja gönguleiðirnar með skiltum
- Útivistarleiðir og nýir stígar
- Sérstaklega huga að aðgengi fyrir alla á 3 km lágréttum stíg sem verði upphitaður
- Stígagerð og lagfæring göngu- og hjólaleiða
- Gera áningarstaði og gönguleiðir í trjáfellingarsvæði vegna flugvallar.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

Reykjavík
13 verkefni

## Verkefni 3: Nauthólsvík / Ylströnd

Nauthólsvík er vinsælt útivistarsvæði og áfangastaður við Skerjafjörð.

*Hvað á að gera?*

- Stígagerð til að bæta aðgengi fyrir alla niður að Ylströnd
- Upplýsingaskilti er lýtur að svæðinu ásamt sögulegum heimildum fyrir ferðamenn
- Bætt aðgengi og öryggi sjósundsfólks; fleiri rampa niður í sjó
- Tilbúin stæði fyrir fargufu og matarvagna á svæðinu

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 4: Fossvogsbakkar

Austan og innan við Nauthólsvík er náttúruvættið Fossvogsbakkar. Þar má finna vinsæla gönguleið.

*Hvað á að gera?*

- Setja upp fræðsluupplýsingar um jarðminjar svæðisins og fuglalíf
- Koma upp upplýsingum um sjávarföll til að vara við flóði og fjöru
- Fara í átak gegn ágengum tegundum, lúpínu og þistli, sérstaklega á bökkunum, til að tryggja sýnileika jarðmyndanna
- Koma fyrir nýju listaverki í sátt við umhverfið

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 5: Viðey

Viðey er einstakt útivistarsvæði í landi Reykjavíkur. Viðey er einn helsti sögustaður landsins og eyjan hefur um árabil verið miðstöð sögu, menningar, náttúru og útivistar. Síðan Reykjavík fékk Viðey að gjöf hefur eyjan verið vinsæll áfangastaður ferðamanna og heimamanna. Lögð er áhersla á að ná til ungs fólks.

*Hvað á að gera?*

- Stígagerð og endurnýjun stíga til að bæta aðgengi og tryggja öryggi
- Stafræn miðlun, merkingar og uppsetning fleiri upplýsinga- og fræðsluskilta um sögu og náttúru eyjunnar auk korts af gönguleiðum
- Í tengslum við Friðarsúlu Yoko Ono yrði komið upp Friðarhúsi/Óskahúsi. Þar væri haldið utan um og miðlað þeim milljónum óska sem safnast hafa á óskatrjám Yoko víðsvegar um heiminn

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Tryggja viðhald og öryggi elstu húsa Reykjavíkur
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 6: Fjölskyldu- og húsdýragarður

Fjölskyldu- og húsdýragarður er fjölskylduvænn áfangastaður þar sem áhugasamir geta kynnst dýrunum sem búa á Íslandi og skemmt sér í allskonar leiktækjum. Tækifæri til að auka áhuga erlendra gesta á garðinum eru mjög mikil.

*Hvað á að gera?*

- Stækkun selalaugar, sem mun margfalda það rúmmál sem selirnir hafa til sunds og gefa þeim möguleika á að kafa á meira dýpi. Stórir gluggar neðan vatnsborðs á nýrri selalaug gefa gestum garðsins tækifæri til að sjá selina með nýjum hætti
- Lundabyggð við hlið selalaugar. Um er að ræða gerð náttúrulegs lundahóls ásamt 4 metra djúpri sjólaug þar við hlið. Töluvert er um að erlendir gestir garðsins spyrjist fyrir um íslenska fugla og lunda

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 7: Austurheiðar

Austurheiðar eru vinsæll útivistarstaður sem býður upp á möguleika til göngu allan ársins hring og skíðagöngu á veturna.

*Hvað á að gera?*

- Upplýsingaskilti við upphafsstaði sem sýna gönguskíðaleiðir, vegalengdir og áningarstaði
- Setja upp vegvísa á gönguskíðaleiðum
- Lagfæra gönguskíðaleiðirnar og gera þær aðgengilegri fyrir "sporun" brauta
- Stækkun bílastæða á tveimur stöðum á heiðinni

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

Reykjavík
13 verkefni

## Verkefni 8: Esja

Esjan er 915 m hátt fjall sem ferðamenn og íbúar nýta gjarnan til fjallgöngu. Einnig sést Esjan víða að úr borginni og setur svip sinn á borgarmyndina. Svæðið er á sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og er stikun gönguleiða samvinnuverkefni sveitarfélaganna.

*Hvað á að gera?*

- Stika gönguleiðir í Esju
- Útbúa bílastæði við upphafsstaði á gönguleiðum og koma fyrir upplýsingaskilti.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 9: Elliðaárdalur

Elliðaárdalur er útivistarsvæði í miðri borg með fallegum ám, fjölbreyttum gróðri og ríku fuglalífi. Mikil lífsgæði eru fólgin í Elliðaárdalnum en þar má finna kaffihús og leiksvæði fyrir börn ásamt Rafstöðinni og fallegri náttúru.

*Hvað á að gera?*

- Fjarlægja stíflu og setja brú yfir í staðinn í samvinnu við Orkuveituna
- Ný leið frá Rafstöðinni upp að núverandi stíflu.
- Koma upp upplifunarbrú með áherslu á upplifun frekar en að brúin þjóni aðeins sem samgöngumannvirki

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

Reykjavík
13 verkefni

## Verkefni 10: Ásmundarsafn

Í Ásmundarsafni í Laugardal eru sýningar á verkum Ásmundar Sveinssonar, sem var einn af frumkvöðlum höggmyndlistar á Íslandi. Safninu tilheyrir garður sem geymir mörg verk Ásmundar.

*Hvað á að gera?*

- Setja upp upplýsingaskilti í garðinum sjálfum og menningarmerkingar borgarinnar í útjaðri við stíga sem tengjast garðinum
- Yfirfara og laga alla stíga og stéttir í garðinum. Bæta þarf við stígum þar sem troðnir stígar hafa orðið til vegna göngu í gegnum garðinn. Yfirfara með aðgengi fyrir alla í huga
- Setja upp nýtt dvalarsvæði / setusvæði í garðinum við austurhlið hússins og við bogadreginn langvegg á suðurhlíð
- Yfirfara allan gróðurinn
- Setja upp nýtt lyftuhús
- Setja stöpul fyrir verkið *Þvottakona* og möguleg fjölgun verka í garðinum. Viðhalda stærri verkum, s.s. *Sonatorrek* og *Tröllkona*
- Þróa lýsingar. Nokkur verk eru ólýst en lagnaleiðir eru til. Má skoða í samhengi við ljósvistarstefnu borgarinnar.
- Viðgerðir á safni, m.a. endurnýjun glugga og múrklæðningar

*Markmið verkefnisins:*

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Reykjavíkurborg*

## Verkefni 11: Þjóðhátíðarlundur að Búrfellsgjá

Heiðmörk er eitt mikilvægasta útivistar- og náttúrusvæði höfuðborgarsvæðisins. Leiðin frá Þjóðhátíðarlundi að Búrfellsgjá tengir saman tvö einstök útivistar- og náttúrusvæði þar sem skóglendi Heiðmerkur og jarðminjar Búrfellsgjár mynda samfellda upplifun fyrir gesti. Verkefnið styrkir tengingar milli sveitarfélaga og eykur fjölbreytni göngu- og útivistarleiða á svæðinu.

*Hvað á að gera?*

- Endurbygging og lagfæring núverandi stígakafla
- Lagning nýrra göngustíga þar sem tengingar vantar
- Endurbætur á frárennsli og yfirborði stíga
- Uppsetning vegvísa, merkinga og fræðsluskilta
- Tenging leiðarinnar við núverandi stígakerfi Heiðmerkur og Búrfellsgjár
- Bætt aðgengi fyrir viðbragðsaðila á lykilkafla leiðarinnar

*Markmið verkefnisins:*

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Skógræktarfélag Reykjavíkur*

## Verkefni 12: Mógilsá að Þverfellshorni

Gönguleiðin frá Mógilsá að Steini og áfram að Þverfellshorni er ein fjölfarnasta gönguleið landsins og einn vinsælasti áfangastaður höfuðborgarsvæðisins. Leiðin er mikilvæg fyrir bæði innlenda og erlenda gesti og býður upp á einstaka náttúruupplifun, fjölbreytta sögu og stórbrotið útsýni yfir höfuðborgarsvæðið.

*Hvað á að gera?*

- Endurbygging slitinna stígakafla
- Styrking stíga til að draga úr jarðvegseyðingu og útbreiðslu troðninga
- Bætt aðgengi fyrir viðbragðsaðila, sjúkraflutninga og björgunarsveitir
- Uppsetning fræðslu- og upplýsingaskilta um náttúru, sögu og menningarminjar svæðisins
- Uppbygging áningarstaða á lykilstöðum við gönguleiðina

*Markmið verkefnisins:*

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Skógræktarfélag Reykjavíkur*

## Verkefni 13: Esjuvegur

Esjan er eitt þekktasta kennileiti landsins og vinsælasti fjallgöngustaður höfuðborgarsvæðisins. Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu útivistarsvæða í Esjuhlíðum til að dreifa álagi og bæta aðstöðu fyrir göngu-, hlaupa- og hjólafólk. Góðir innviðir eru forsenda öruggrar umferðar gesta, verndar náttúru og skilvirkrar aðkomu viðbragðsaðila.

*Hvað á að gera?*

- Endurbætur og áframhaldandi uppbygging öryggisvegar upp á Rauðhól í Esju.
- Lagfæring þjónustuvega og aðkomuleiða í Esjuhlíðum.
- Tryggja aðkomu slökkviliðs, sjúkraflutninga og björgunarsveita að fjölfarnasta útivistarsvæði landsins.
- Viðhald innviða sem nýtast við stígagerð, landvörslu og skógrækt.
- Lagfæring vegpresta þar sem það þarf.
- Styrking tenginga við útivistarleiðir og bílastæði.
- Vegurinn nýtist til útivistar og hjólreiða

*Markmið verkefnisins:*

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi

*Ábyrgðaraðili: Skógræktarfélag Reykjavíkur*

# Kópavogur
5 verkefni

## Verkefni 1: Stígagerð á Vatnsendaheiði

Vatnsendaheiði er vinsælt útivistarsvæði og mikið nýtt af hjólreiða- og göngufólki. Árið 2022 hóf Kópavogsbær gerð göngu- og hjólastíga (malarstíga) á svæðinu skv. tillögu að skógræktar- og útivistarsvæði frá 1996. Fyrirhugað er að halda verkefninu áfram.

*Hvað á að gera?*

- Gerð göngu- og hjólastíga um Vatnsendaheiði með tengingum við Guðmundarlund
- Kortagerð og merkingar

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Kópavogsbær*

## Verkefni 2: Gönguleiðir í Lækjarbotnalandi

Lækjarbotnaland er fallegt útivistarsvæði skammt frá Suðurlandsvegi.

*Hvað á að gera?*

- Skilgreina og stika gönguleiðir í Lækjarbotnalandi sem tengja saman svæði við Tröllabörn, Selhóla, Lakheiði og Selfjall, jafnvel Heiðmörk

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka öryggi gesta

*Ábyrgðaraðili: Kópavogsbær*

Kópavogur
5 verkefni

## Verkefni 3: Tröllabörn

Tröllabörn eru í Lækjarbotnalandi og eru friðlýst sem náttúruvætti. Náttúruvættið eru hraundrýli sem mynduðust þegar hraunstraumurinn frá Leitunum rann yfir mýrlendi eða mjög grunnstætt stöðuvatn á flatlendinu framan við Lækjarbotna.

*Hvað á að gera?*

- Bæta aðstöðu við bílastæði
- Uppfæra upplýsingaskilti

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Kópavogsbær*

## Verkefni 4: Trjásafnið í Meltungu

Í Fossvogsdal er að finna trjásafn, eitt stærsta sinnar tegundar hérlendis. Safnið er fjölbreytt útivistarsvæði og nýtist m.a. til slökunar, kennslu, fuglaskoðunar eða náttúruupplifunar.

*Hvað á að gera?*

- Gerðir hafa verið um 2 km af malar- og kurlstígum um safnið, en verkefnið felst í að setja þar jarðvegsgrindur til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra
- Gert verði leiksvæði í tengslum við trjásafnið
- Fjölgað verður fræðsluskiltum og þau uppfærð

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Kópavogsbær*

## Verkefni 5: Kópavogsleira

Kópavogsleira er ein stærsta leira á höfuðborgarsvæðinu, um 21 hektari að flatarmáli. Ýmsar lífverur lifa þar og mikið fuglalíf er á svæðinu.

*Hvað á að gera?*

- Útbúa pall og fuglaskoðunarhús við Kópavogsleiru með tengingu við heilsuhring á Kópavogstúni

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Kópavogsbær*

# Hafnarfjörður

13 verkefni

## Verkefni 1: Seltún í Krýsuvík

Seltún er háhitasvæði og afar vinsæll áfangastaður ferðamanna.

*Hvað á að gera?*

- Viðhald á stígum á háhitasvæðinu í Seltúni
- Uppbygging göngu- og hjólaleiða á svæðinu er forgangsatriði Hafnarfjarðarbæjar þar sem svæðið er mjög vinsæll ferðamannastaður
- Á svæðinu þarf einnig að byggja upp aukna aðstöðu, lengja opnunartíma salerna yfir vetrarmánuðina og koma upp aðstöðu/innviðum fyrir veitingasölu (matarvagna)

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 2: Hellisgerði

Skrúðgarðurinn Hellisgerði er stolt Hafnarfjarðar og aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Mikill gróður er í garðinum, há tré og stórir runnar og rætur sem eru viðkvæmar fyrir raski. Svæðið hefur allt verið skipulagt og hannað með altæka hönnun að leiðarljósi svo bæði fatlaðir og ófatlaðir komist á helstu dvalarsvæðin án þess þó að landmótun eigi sér stað svo garðurinn haldi sérstöðu sinni sem eini garðurinn á landinu sem er mótaður eftir landslaginu.

*Hvað á að gera?*

- Flestir stígar eru malarstígar og flestar tröppur eru lagðar hraunhellum og mikil þörf er á að endurnýja bæði tröppur og stíga, lýsingu og fleira í garðinum
- Lagðir verða göngustígar, sett upp leiksvæði, setþrep, timburbekkir, ljósastólpar, ljósapollar og kastarar, hraunþrep endur- eða nýlögð ásamt handlistum. Þrep og rampar úr smíðajárni verða í samræmi við landslagshönnun garðsins

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

Hafnarfjörður

13 verkefni

## Verkefni 3: Helgafell

Helgafell er vinsæl fjallgönguleið fyrir ferðamenn og íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Tignarlegt útsýni er af toppnum, en þaðan sést vel yfir höfuðborgarsvæðið og Reykjanesskagann.

*Hvað á að gera?*

- Stika gönguleiðir við Helgafell
- Merkja gönguleiðirnar með skiltum á svæðinu

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 4: Krýsuvíkurberg

Krýsuvíkurberg eru sjávarklettar með mjög fjölskrúðugu fuglalífi. Þar er gott tækifæri til að fylgjast með sjávarfuglum og margbreytilegu samspili hafs og lands.

*Hvað á að gera?*

- Laga veg og aðgengi að svæðinu
- Gera bílastæði samkvæmt deiliskipulagi
- Deiliskipulag gerir einnig ráð fyrir göngustígum að berginu og útsýnispalli sem nær út fyrir bergið

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

Hafnarfjörður
13 verkefni

## Verkefni 5: Hvaleyrarvatn

Hvaleyrarvatn er vinsælt útivistarsvæði og vinsæll áfangastaður ferðamanna.

*Hvað á að gera?*

- Endurskoða aðkomu að vatninu
- Byggja upp göngustíg umhverfis Hvaleyrarvatn miðað við algilda hönnun
- Uppsetning leiktækja/afþreyingar á svæðinu
- Uppbygging aðstöðuhúss með fleiri salernum

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 6: Gráhelluhraun

Gráhelluhraun er eitt af nokkrum hraunum sem á uppruna sinn í Búrfellseldstöðinni, en hraunin eru talin vera um 8000 ára gömul. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði.

*Hvað á að gera?*

- Aðskilja umferð gangandi og ríðandi með tveimur brúm til að auka öryggi vegfarenda í Gráhelluhrauni
- Uppbygging bíla- og hjólastæða fyrir útivistarfólk
- Uppsetning á upplýsingaskiltum

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

Hafnarfjörður
13 verkefni

## Verkefni 7: Leiðarendi

Leiðarendi er hellir sem er afar vinsæll meðal ferðamanna.

*Hvað á að gera?*

- Verndun viðkvæms mosagróðurs með gerð aðkomupalla að hellinum
- Regluleg þrif í hellinum og endurbygging dropasteina
- Önnur uppbygging samkvæmt deiliskipulagi

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 8: Sjóbaðsaðstaða við Herjólfsgötu

Fjöldi fólks stundar sjósund í víkinni við Herjólfsgötu og/eða Sundhöll Hafnarfjarðar.

*Hvað á að gera?*

- Bæta aðstöðu fyrir þau sem stunda sjósund á svæðinu, t.d. með því að setja upp skýli til að skipta um föt

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

# Hafnarfjörður

13 verkefni

## Verkefni 9: Áningarstaður við Reykjanesbraut

Kapellan í Kapelluhrauni er áhugaverður áningarstaður í uppbyggingu.

*Hvað á að gera?*

- Uppbygging áningarstaðar við Reykjanesbraut við Kapelluna í Kapelluhrauni með skilti sem sýnir helstu þjónustu fyrir ferðamenn í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu

*Markmið verkefnisins:*

- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 10: Hvaleyrarlón

Hvaleyrarlón er útivistarsvæði með hátt fræðslugildi. Dýralíf og fuglalíf er sérlega auðugt á svæðinu. Svæðið er friðlýst.

*Hvað á að gera?*

- Uppbygging aðstöðu fyrir fuglaskoðun við Hvaleyrarlón. Gerð fuglaskoðunarhúss.
- Gerð bílastæðis
- Setja upp upplýsingaskilti
- Merkja gönguleiðir
- Koma upp bekkjum

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 11: Stjörnuskoðun í Krýsuvík

Deiliskipulag sýnir þjónustuhús þar sem hægt er að setja upp stjörnusjónauka og koma upp aðstöðu jafnt inni sem úti.

*Hvað á að gera?*

- Uppbygging aðstöðu fyrir stjörnuskoðun í Krýsuvík

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

## Verkefni 12: Vitinn

Vitinn í Hafnarfirði er áhugaverður staður og hefur sögulegt gildi fyrir Hafnarfjörð. Bæta þarf aðgengi að vitanum til að gestir þurfi ekki að klöngrast um hraun og mosa.

*Hvað á að gera?*

- Uppbygging á gönguleið að vitanum og umhverfi hans, t.d. með pöllum og tröppum

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

Hafnarfjörður
13 verkefni

## Verkefni 13: Hamarinn

Hamarinn er friðað svæði og vinsælt svæði til útivistar. Þar er hægt að njóta útsýnis yfir allan Hafnarfjörð og nærliggjandi svæði.

*Hvað á að gera?*

- Setja upp söguskilti og/eða sjónauka sem sýnir byggð Hafnarfjarðar þróast í áranna rás (saga Hafnarfjarðar í myndum).

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarbær*

# Verkefni 1: Minjagarðurinn á Hofsstöðum

Minjagarðurinn á Hofsstöðum við Kirkjulund í Garðabæ hefur að geyma minjar eins stærsta landnámsskála sem fundist hefur á Íslandi. Svæðið við minjagarðinn hefur verið endurhannað með nýjum upplýsingaskiltum og margmiðlunarefni í sjónaukum sem byggja á fornleifarannsókn á svæðinu. Svæðið er opið almenningi án endurgjalds og er opið allan sólarhringinn.

*Hvað á að gera?*

- Setja upp fræðsluskilti og/eða leiðarmerkingar sem tengja saman gönguleið á milli Minjagarðsins á Hofsstöðum og margmiðlunarsýningarinnar Aftur til Hofsstaða sem er staðsett í miðbæ Garðabæjar við Garðatorg.

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

*Ábyrgðaraðili: Garðabær*

Garðabær
6 verkefni

## Verkefni 2: Friðland Vífilsstaðavatns og nágrennis

Vífilsstaðavatn og nágrenni voru friðlýst árið 2007. Umhverfis Vífilsstaðavatn er vinsæll útivistarstígur. Útivistarbekkir eru meðfram stígnum og skýli við bílastæðið við Elliðavatnsveg. Fræðsluskiltum hefur verið komið upp þar sem upplýsingar eru um lífríki vatnsins, fugla og gróður. Útivist í kringum Vífilsstaðavatn og nágrenni nýtur sífellt meiri vinsælda og nauðsynlegt að fara í úrbætur á svæðinu sem og að byggja upp nýja aðstöðu fyrir gesti sem vilja njóta náttúrunnar. Um leið þarf að tryggja verndun vatnsins, náttúru og dýralífs á svæðinu. Umbætur innan friðlandsins verða ávallt að höfðu samráði við Náttúruverndarstofnun.

*Hvað á að gera?*

- Stækka malbikaða bílastæðið utan friðlandsins
- Setja upp salernisaðstöðu við bílastæði utan friðlandsins
- Setja upp fræðsluskilti um lífríki vatnsins, flórgoða og aðrar fuglategundir við norðurbakkann
- Girða af og loka villistígum umhverfis vatnið
- Lagfæra gönguslóða upp að Gunnhildi
- Fuglaskoðunarhús sett upp við vatnið og við Vatnsmýrina

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Garðabær*

Garðabær
6 verkefni

## Verkefni 3: Garðahverfi - verndarsvæði í byggð

Garðahverfi á Álftanesi er samþykkt verndarsvæði í byggð. Garðahverfið er sérstaklega aðlaðandi fyrir sögu- og náttúruunnendur. Þar má upplifa gang tímans, sögu kynslóðanna og margbreytileika árstíðanna.

*Hvað á að gera?*

- Undirbúningsvinna við að kostnaðarmeta og áfangaskipta uppbyggingu á sögu- og útivistarleiðum í Garðahverfi, sk. náttúruleið, byggðarleið og minningaleið sem ættu upphafspunkt í miðju hverfisins við burstabæinn Krók á Garðaholti.

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

*Ábyrgðaraðili: Garðabær*

## Verkefni 4: Búrfell - frá hrauni til gígs

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ voru friðlýst sem náttúruvætti 2020. Þar eru jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísu og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Svæðið er mjög vinsælt útivistarsvæði. Innan svæðisins er talsvert af menningarminjum frá fornri tíð. Heilmikil uppbygging hefur átt sér stað við að lagfæra göngustíga og reiðstíga á svæðinu ásamt því að búa til gott bílastæði og setja upp sérstakt stjörnuskoðunarsvæði fyrir almenning. Umbætur innan friðlýsta svæðisins sem náttúruvætti verða ávallt að höfðu samráði við Náttúruverndarstofnun.

*Hvað á að gera?*

- Láta hanna og setja upp viðbótar fræðsluskilti á ensku og/eða öðrum tungumálum við stjörnuskoðunarsvæði sem er í grennd bílastæðis við Búrfellsgjá
- Koma upp salernisaðstöðu við bílastæði að Búrfellsgjá
- Kanna fýsileika við að búa til tengingar á milli Búrfellssvæðis við önnur útivistarsvæði í nágrenninu

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Garðabær*

## Verkefni 5: Fjöruferð á Álftanesi

Fjörur á Álftanesi, við friðlýst svæði á Hliði, Gesthúsafjöru, Sandskarð og Seylu, hafa mikið útivistargildi. Fjörurnar eru hluti af bláþræðinum sem er samheiti yfir alla strandlengju höfuðborgarsvæðisins. Umbætur innan friðlýstra svæða á Álftanesi verða ávallt að höfðu samráði við Náttúruverndarstofnun.

*Hvað á að gera?*

- Endurnýja þarf eldri fræðsluskilti og bæta við nýjum um lífríkið á svæðinu.
- Gera þarf kynningarefni sem hvetur íbúa og ferðamenn til fjöruferðar á Álftanesi og kynnir náttúru, sögu og útvist á svæðinu.
- Setja upp aðstöðu fyrir fuglaskoðun.
- Kanna möguleika á að setja sjóbaðsaðstöðu við fjöru á Álftanesi
- Skoða hvort og hvar megi staðsetja salernisaðstöðu við fjörur á Álftanesi.

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu

*Ábyrgðaraðili: Garðabær*

## Verkefni 6: Bessastaðir

Bessastaðir eru aðsetur forseta Íslands. Bessastaðir eiga sér mikilvægan sess í sögu landsins og því er ásókn á svæðið mikil bæði af heimafólki og ferðamönnum. Sögulegar byggingar við forsetasetrið á Bessastöðum eru einstakar sem og náttúran í kring. Við Bessastaði er búið að gera nýjan útivistarstíg meðfram heimreið að Bessastöðum og útbúa nýtt bílastæði sem auðveldar komu ferðamanna á svæðið. Bessastaðanes er friðlýst og er hluti af alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði Skerjafjarðar og þar er að finna fjölda menningarminja. Umbætur innan friðlýsta svæðisins verða ávallt að höfðu samráði við Náttúruverndarstofnun.

*Hvað á að gera?*

- Áframhaldandi samstarf Garðabæjar við forsetaembættið, Náttúruverndarstofnun, Minjastofnun og Bessastaðasókn um frekari þróun á áfangastaðnum Bessastöðum og nágrenni. Gera áætlun um uppbyggingu á svæðinu, s.s. hvar megi bæta úr gerð göngustíga og tengja við önnur svæði, miðlun fræðslu o.fl.

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Auka / bæta aðgengi að svæðinu
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Garðabær*

## Verkefni 1: Álafosskvos

Álafosskvosin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er samofin sögu og menningu bæjarins. Svæðið er nú miðstöð handverks og hefur fjölbreyttur hópur listafólks aðstöðu á svæðinu. Kvosin er umkringd fallegri náttúru: Varmá, Álfafoss, Reykjalundarskógi og Stekkjaflöt. Álafosskvosin hefur þannig góðar tengingar við fallegar gönguleiðir í átt að Hlégarði og miðbæ Mosfellsbæjar í gegnum Stekkjarflöt og til austurs í gegnum Reykjalundarskóg og upp með Varmánni.

*Hvað á að gera?*

Áfram verður unnið á grunni Áfangastaðagreiningar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins fyrir Álafosskvosina. Ullarsögusýning verður opnuð sumarið 2026 og mun áhersla vera lögð á frekari styrkingu og ásýnd áfangastaðarins:

- Lagfæringar og endurgerð á aðkomu
- Styrkingu og endurgerð útsýnispalls við Álafoss og Varmá
- Göngubrú yfir Varmá
- Upplýsinga- og fræðsluskilti til samræmis við ullarsögusýninguna
- Styrking gönguleiða
- Framlenging ullarsögusýningar utandyra

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka og bæta aðgengi að svæðinu

*Ábyrgðaraðili: Mosfellsbær*

Mosfellsbær
6 verkefni

## Verkefni 2: Helgufoss

Helgufoss er fallegur foss í ánni Kaldakvísl, staðsettur í grónu og friðsælu umhverfi í Mosfellsdal. Gangan að fossinum er stutt og liggur um skóglendi sem Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur ræktað frá því á síðari hluta 20. aldar. Svæðið hentar vel til stuttrar útivistar, bæði fyrir íbúa og gesti höfuðborgarsvæðisins. Helgufoss er einnig í nálægð við Gljúfrastein, safn Halldórs Laxnes og m.a. hægt að ganga frá Gljúfrasteini að Helgufossi sem gefur svæðinu menningarlegt gildi og eykur upplifun gesta.

*Hvað á að gera?*

- Á undanförnum árum hefur verið unnið að áföngum að endurgerð gönguleiðar frá Gljúfrasteini að Helgufossi og er þörf á að klára endurgerð göngustíga og að auki að bæta aðkomu að svæðinu
- Styrking gönguleiðar með lagfæringu og endurgerð göngustígar
- Setja upplifunar/hreyfi og upplýsinga áningarstaði á gönguleiðinni t.d. tréstóla, bekki, einföld náttúrleg æfingatól

*Markmið verkefnis*

- Auka öryggi gesta
- Auka náttúruvernd/lágmarka umhverfisáhrif
- Auka / bæta aðgengi
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Mosfellsbær*

## Verkefni 3: Orkugarður

Orkugarður er áningarstaður þar sem minnst er upphafs nýtingar á heitu vatni á Íslandi. Skammt þar frá var árið 1908 fyrst leitt heitt vatn inn í íbúðarhús á Íslandi af Stefáni B. Jónssyni bónda á Reykjum. Búið er að samþykkja deiliskipulag fyrir Orkugarð. Aðstæður í dag eru hættulegar og færa þarf innviði til nútímalegra horfs. Þar með er hægt að festa í sessi betri og stærri áningarstað.

*Hvað á að gera?*

- Gert er ráð fyrir að áningarsvæðið verði stækkað og myndi Orkugarð við borholu Veitna með upplýsingaskiltum um sögu heita vatnsins.
- Komið verði fyrir níu bílastæðum sem myndu marka upphaf gönguleiðar upp Reykjafell og eru tenging við Græna trefil höfuðborgarsvæðisins.
- Einnig verða sett upp hjólastæði og lýsing og yfirborðsfrágangur yrði lagaður með hellulögn, malbiki og grænu svæði. Leiktæki og bekkir settir upp.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Mosfellsbær*

Mosfellsbær
6 verkefni

## Verkefni 4: Gljúfrasteinn og Jónstótt

Hlutverk Gljúfrasteins er að varðveita og sýna heimili Halldórs Laxness og fjölskyldu hans. Safnið er lifandi og stendur vörð um lífsstarf Nóbelskáldsins. Jónstótt verður gestastofa sem tilheyrir starfsemi Gljúfrasteins og mun sinna móttöku ferðafólks. Umhverfið í kringum Gljúfrastein er mikið sótt af útivistarfólki.

*Hvað á að gera?*

- Þróa og hanna möguleika til upplifunar í og við umhverfi Gljúfrasteins og Jónstóttar, með gerð göngustíga, áningarstaða og upplifunarsvæða með tengingu við verk Halldórs Laxness.
- Sköpun svæða sem eru tilvalin til útikennslu fyrir leik- og grunnskólanema

*Markmið verkefnisins:*

- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka / bæta aðgengi
- Auka upplýsingagjöf / fræðslu

*Ábyrgðaraðili: Mosfellsbær*

## Verkefni 5: Útivistarsvæðið í Hamrahlíð við Úlfarsfell

Hamrahlíð er aðkomusvæði við gönguleið upp á Úlfarsfell. Úlfarsfellið er afar vinsælt til fjallgöngu meðal ferðamanna og heimamanna.

*Hvað á að gera?*

- Lagfæra bílastæði, bæta aðkomu og stígakerfi þar sem bílastæði er of lítið og svæðið ekki gert fyrir jafn mikla ásókn og raunin er og sem hefur aukist með tilkomu ferðamanna.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Mosfellsbær*

## Verkefni 6: Fjallahjólaparadísin Mosfellsbær

Fjallahjólastígar í Skammadal og Æsustaðafelli skapa eftirsóknarverðan áfangastað fyrir fjallahjólara og annað útivistarfólk. Vandaðir stígar, skýrar merkingar og góð upplýsingagjöf gera svæðið að aðgengilegri náttúruperlu í útjaðri höfuðborgarsvæðisins.

*Hvað á að gera?*

- Hönnun og gerð fjallahjólastíga í Skammadal og Æsustaðafelli
- Kortlagning og merkingar
- Umbætur í upplýsingagjöf um stígakerfið

*Markmið verkefnisins:*

- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu
- Auka öryggi gesta
- Auka / bæta aðgengi

*Ábyrgðaraðili: Icebike Adventures*

# Seltjarnarnes
3 verkefni

## Verkefni 1: Gerð gönguleiðar á milli safnasvæðisins og Snoppu

Um er að ræða friðuð svæði sem eru á náttúruminjaskrá og/eða hverfisvernduð enda mikið um fornminjar á svæðinu auk þess sem það er einstakt fuglalíf og því mikilvægt að verja náttúruna og menningarminjarnar. Á sama tíma þarf að tryggja aðgengi íbúa og ferðafólks að svæðinu sem og tengingar og flæði þannig að mögulegt sé að ferðast á milli náttúruperla og sögufrægra staða (segla) án þess að það hafi neikvæð áhrif á náttúruna.

*Hvað á að gera?*

- Til stendur að (endur)gera göngustíga/slóða á vestursvæðunum, einni helstu náttúruperlu Seltjarnarness sem dregur að sér fjölda gesta sem vilja njóta útiveru. Gerð gönguleiðar/stígs sem mun liggja á milli safnasvæðisins (Nesstofa/Náttúruhús) og Snoppu, framhjá Gróttubyggð og Ráðagerði.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif

*Ábyrgðaraðili: Seltjarnarnesbær*

## Verkefni 2: Bílastæði í nágrenni Gróttu og safnasvæðis

Á svæðinu eru margir áfangastaðir ferðamanna. Fjölgun ferðamanna hefur nú þegar aukið aðsókn á svæðið til mikilla muna auk þess sem Ráðagerði dregur að sér fjölda gesta. Gert er ráð fyrir að aðsókn ferðamanna, skólabarna og almennra gesta aukist enn þegar fyrirhugað Náttúruhús verður opnað.

*Hvað á að gera?*

- Endurskoðun á vestursvæði Gróttu á Seltjarnarnesi.
- Í skoðun er að færa bílastæði við Gróttu, a.m.k. að hluta, að Ráðagerði og Náttúruhúsi. Að það verði þannig úr garði gert að gestir skilji bílinn helst þar eftir og gangi svo eftir göngustígum á milli staða til að njóta útiveru. Með þessu myndi létta á viðkvæmum svæðum og ágangi umferðar í íbúagötur en um leið sköpuð betri og öruggari aðkoma að svæðinu og flæði og tengingar á milli seglanna á svæðinu tryggð.
- Gjaldtaka á bílastæðinu er í skoðun.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka / bæta aðgengi
- Auka náttúruvernd / lágmarka umhverfisáhrif
- Auka öryggi gesta

*Ábyrgðaraðili: Seltjarnarnesbær*

## Verkefni 3: Samræmdar merkingar og upplýsingarskilti

Verkefnið snýr að því að upplýsa vegfarendur um Seltjarnarnes bæði með almennum vegvísum og með aðgengilegum upplýsingaskiltum sem miðla fræðslu til íbúa, gesta og ferðamanna m.a. með tæknilegum lausnum í gegnum snjallsíma.

*Hvað á að gera?*

- Setja upp samræmdar merkingar og upplýsingaskilti sem falla vel að umhverfinu á Seltjarnarnesi. Skiltin yrðu leiðarvísar auk þess að veita upplýsingar um áhugaverða staði, náttúruna, fuglalífið, söguna, menningarminjar o.fl. Útlit þeirra gæti t.d. verið í takt við það sem er bent á í Vegrúnu - merkinga- og leiðakerfinu sem sérstaklega er hannað er til að falla að náttúru Íslands eða eitthvað sambærilegt.

*Markmið verkefnisins:*

- Auka upplýsingagjöf / fræðslu
- Bæta upplifun gesta og auka þjónustu

*Ábyrgðaraðili: Seltjarnarnesbær*

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK

**Ábyrgðarmaður**
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

**Umbrot og hönnun**
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Maí 2026